

## LISTIR

# Möguleikar Kúlunnar kannaðir

Frá því í janúar hafa myndlistarsýningar þriggja núlifandi listamanna staðið yfir í Ásmundarsafni. Sýningaröðin ber yfirskriftina Kúlan og vísar heitið til þess að listamennirnir hafa unnið verk sín inn í samnefnt rými í safninu, sem er elsti hluti hússins sem hannað var af Ásmundi Sveinsyni myndhöggvara. **Inga María Leifsdóttir** hittir listamennina að máli.

**M**yndlistarmennirnir þrír, sem sýnt hafa í Kúlunni í Ásmundarsafni við Sig-tún í vor, eru Tumi Magnússon, Finnboi Pétursson og Eygló Harðardóttir, en sýningarstjórar eru Hanna Styrmsdóttir og Pétur H. Ármannsson.

Yfirlýst markmið sýningaraðarinnar er að kanna möguleika hins sérstæða sýningarrýmis sem Kúlan er og hvetja til endurskoðunar á hlutverki Ásmundarsafns í samfélaginu.


## Glas sem tæmist smátt og smátt

Sýning Tuma Magnússonar var sú fyrsta í sýningaröðinni, en hún stóð yfir dagana 16. janúar til 16. febrúar. „Mér finnst Kúlan mjög fallett rými og sérstakt, en um leið gerir það nokkrar kröfur til manns að búa til verk inn í hana. Hljómburðurinn og lögunin er það sem einkum gerir það sérstakt. Mér fannst mjög gaman að takast á við það, og einmitt vegna þess hvernig það er, fór ég þá leið að gera myndband,“ segir Tumi, en þetta var í fyrsta sinn sem hann sýnir opinberlega myndbandsverk, þó hann hafi fengið við gerð þeirra um nokkurt skeið. „Mér fannst myndband henta þessu rými mjög vel, meðal annars vegna hljóðsins í Kúlunni sem er svo stór hluti af upplifun rýmisins. Með þeim hætti var hægt að virkja alla aðalþætti hennar.“ Hann segir verkið vera í framhaldi af því sem hann hefur fengið við í listsköpun sinni undanfarin ár, þó að um frumraun á vettvangi myndbands-sýninga hafi verið að ræða. „Ég hef meðal annars verið að vinna með liti efna og myndir af hlutum sem eru felldar inn í rými.“

Myndband Tuma er tekið upp í gegn um glas sem inniheldur mismunandi tegundir vökvu, sem hann tæmir smátt og smátt. „Þetta er tekið upp utandyra, og um leið og glasið tæmist, sést meir og meir í himininn. Á vissan hátt virkar glasið því eins og gluggi líka. Þegar maður fær sér sopa af drykk, myndast óhjákvæmilega hljóð um leið, svo það heyrir söturhljóð líka í Kúlunni miðri. Ef maður býr til hljóð í henni miðri heyrir það úr öllum áttum og er alls staðar jafn sterk.“ Tumi segist ekki hafa hafa haft Ásmund Sveinsson og verk hans sérstaklega til hlíðsjónar við gerð innsetningarinnar. „En Kúlan er nánast eins og skúlptúr eftir hann og þar sem ég er að vinna með rýmið þar, hlýtur hann að vera þarna einhvers staðar á sveimi.“

## Hljóðstækkunargler

Finnboi Pétursson sýndi í Kúlunni frá 27. febrúar til 30. mars. Hann segir innsetningu sína vera í framhaldi af verki sem hann sýndi í Nýlistasafninu árið 1991 – í báðum tilfellum er um myndgervingu hljóðs að ræða. „Ég ákvað að nota fyrst og fremst hljóðið í Kúlunni, því það er



„Ég ákvað að nota fyrst og fremst hljóðið í Kúlunni, því það er búið að sitja í mér frá því að ég kom þangað fyrst,“ segir Finnboi Pétursson.

búið að sitja í mér frá því að ég kom þangað fyrst. Maður lendir ekki í því á hverjum degi að standa inni í paraból eða hálfhring! Í raun virkar Kúlan eins og hljóðstækkunargler, allt hljóð safnast fyrir í miðju hennar, þannig að ég mældi eigin tíðni hennar, sem reyndist vera í kring um 55 rið. Ég notaðist svo við tíu tóna, frá 50 til 60 riðum úr fjórum lágtíðnihátölurum, til að koma hreyfingu á yfirborð vatns sem lýst er gegn um með ljósi. Þannig varpast yfirborð vatnsins upp í loftið og breytir um form eftir því hvaða tíðni berst út úr hátölurum,“ segir Finnboi.

Hann segir verkið samsett úr þeim elementum sem hann hefur unnið með í listsköpun sinni undanfarin ár. „Í hljóði notast ég við kassa-, hring- og sinus-bylgjur, í formi nota ég kassa, þríhyrning og hring og í ljósi nota ég RGB – rauðan, grænan og bláan. Litirnir verða að hvítum sé þeim blandað saman í ljósi, ef formunum er blandað saman kemur út óreglulegt form og úr hljóðunum samanblönduðum kemur „noise“ – allar tíðnir líkt og heyrir milli útvarpsstöðva. Þetta verk í Kúlunni er því algerlega unnið út frá mínum formúlum.“

Finnboi segir Ásmund Sveinsson í raun ekki tengjast verki sínu að öðru leyti en því að hann byggði Kúl-



Ljósmynd/Kristján Pétur Guðnason

Eygló Harðardóttir notar algenga táknmynd úr draumum í innsetningu sinni í Kúlunni – hús – ásamt ljósmyndum sem hún hefur tekið sjálf og fréttamyndir úr dagblöðum. „Þig dreymir einhverja byggingu sem getur verið mjög táknræn og skýr, og síðan er eitthvað að gerast hjá þér í veruleikanum. Þú reynir að tengja saman þetta tvennt, en það er alltaf einhver óútskýranleg gjá þarna á milli.“



„Mér finnst Kúlan mjög fallett rými og sérstakt, en um leið gerir það nokkrar kröfur til manns að búa til verk inn í hana,“ segir Tumi Magnússon.

una. „En ég er að leika mér að sömu formum og hann var að gera og nýti mér sköpunarverk hans. Ég hef það á tilfinningunni að þessi kúla hafi verið honum mikið hjartans mál – þetta er fantasía sem hann lætur vaða á, hálf í hvoru praktísk og hálf í hvoru leikur. Björn Th. Björnsson sagði alltaf í listasögunni að Ásmundur hafi byggt Kúluna með það að markmiði að vinna litlar höggmyndir í henni, en það hafi ekki gengið eftir – strax við fyrsta höggið hafi hann áttað sig á því að eitt lítið högg kæmi tífalt tilbaka. Ásmundur hefur því orðið fyrir áhrifum, líkt og ég, af endurkastinu þarna inni.“

Finnboi lætur vel af verkefnum og segir það vera skemmtilegt innlegg í íslenska myndlistarflóru. „Það getur verið erfitt að vinna inn í svona sérstakt rými eins og Kúlan er, en mér fannst það skemmtileg áskorun. Að mörgu leyti hentar hún list minni mjög vel og ég sá marga möguleika fyrir mér þar.“ Hann segist hafa margar hugmyndir um tengd verkefni. „Til dæmis mætti athuga að nota aðra hluta safnsins í svipað verkefni, eða að fá listamenn til að vinna út frá ákveðnu verki eftir Ásmund.“

## Hús sem táknmynd drauma

Innsetning Eyglóar Harðardóttur, sem opnuð var almenningi 10.

apríl og hægt er að skoða í safninu þar til um næstu helgi, fjallar um tenginguna milli sjónrænnar skynjunar og myndleifa annars vegar og hugans og minninganna og möguleikanna sem myndast þar á milli hins vegar. „Innihald verksins tengist formi Kúlunnar, því það er sterk heildartilfinning sem fylgir því að vera þarna inni. Þetta er afmarkaður heimur, sem er mjög laus frá jörðinni. Þú ert uppi á annarri hæð í safninu og á herberginu eru 24 litlir gluggar, sem vísa út og upp á við, ekki niður á við, og fyrir vikið áttu erfitt með að sjá hvað er að gerast niðri á jörðinni fyrir utan bygginguna. Þannig kom upp sú hugmynd að nota meðal annars táknmál drauma – þessi sýn sem maður hefur út úr Kúlunni býður uppá huglægt viðfangsefni á borð við þetta,“ segir Eygló, sem notar algenga táknmynd úr draumum í innsetningunni – hús – ásamt ljósmyndum sem hún hefur tekið sjálf og fréttamyndum úr dagblöðum. „Það sem vakti áhuga minn á að velja hús sem táknmynd, er að hún endurspeglar oft vökuástand manneskjunnar – þig dreymir einhverja byggingu sem getur verið mjög táknræn og skýr, og síðan er eitthvað að gerast hjá þér í veruleikanum. Þú reynir að tengja saman þetta tvennt, en það er alltaf einhver óútskýranleg gjá þarna á milli og þú

nærð ekki alltaf að brúa þetta. Á sama hátt nota ég dagblöð og ljósmyndir og tengi myndmálið þannig saman að við samanburð þeirra skapast möguleikar: Uppbygging verksins er einskonar kortlagning athyglinnar og hugans. Þú horfir á mynd og minningabrot koma upp í hugann, samanburðurinn getur verið óljós eða öðlast dýpri merkingu, athyglin getur brúað gjána sem þarna skapast.“

Eygló segir verkið vera í anda þess sem hún hefur verið að vinna að undanförunu. „Ég hef verið að skoða myndmálið og þessa sjónrænu skynjun – hvernig hugur og skynjun vinnur saman og hvers konar tengingar skapast hjá manneskjunni við að horfa á myndir eða liti. Innihald og form þessa verks er þó algjörlega tengt rýminu sem það er unnið í. Utferðin hefur til dæmis orðið allt öðru vísi ef Kúlan væri ekki uppi á annari hæð, þá hefði ég ef til vill ekki notað drauma, heldur eitthvað annað. Það er líka sérstakt að vinna bæði með þetta tiltekna rými og listamanninn Ásmund Sveinsson sem óhjákvæmilega fylgir með í kaupunum, og var fyrir vikið bæði krefjandi og áhugavert, en um leið mjög spennandi – það er ekki hægt að setja hvað sem er þarna inn.“

ingamaria@mbl.is